

Svífðu litla, létta blað...

1. töl. september 2018

fræðslusvið Akureyrarbæjar

Ágætu stjórnendur, kennarar og starfsfólk
grunnskóla Akureyrarbæjar!

Ég ákvað að senda ykkur örlítið fréttabréf í
upphafi skólaársins!

Eins og hjá ykkur öllum, hafa hauststörf mín falið í
sér skipulag, annríki og móttöku nýrra nemenda í
skólana okkar. Flestir nýju, erlendu nemendurnir okkar í haust eru pólskir. Auk nýrra
nemenda af erlendum uppruna sem koma í 1. bekk grunnskólanna eru skólarnir að taka við
nemendum á öllum aldurstigum, sem koma jafnvel mjög óvænt.
Þessir nemendur takast á við það að aðlagast nýju samfélagi, læra nýtt tungumál og eignast
nýja vini. Þetta er ekki lítið verkefni og því þörf á allri þeirri aðstoð sem við getum látið í té.
Ég efast ekki um að öll gerum við eins vel og við getum, með þeim ráðum sem við höfum.
Mig langar til að minna ykkur aðeins á nokkrar leiðir sem við getum gripið til:

Aðgangur pólskra nemenda að bókum á móðurmálinu!

Á vorönn síðasta skólaárs kom pólski
sendiherrann færandi hendi með pólskar bækur
fyrir börn og unglinga.
Þessar bækur hafa nú allar verið skráðar og
eru senn tilbúnar til útlána. Ég hvet ykkur til að
hafa samband við safnkennara skólanna
og athuga með millisafnalán.

Handbók fyrir kennara og stjórnendur sem eru að taka á móti nýjum erlendum nemendum:

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2018/06/Samantekt-fyrir-kennara_20.06.18.pdf

Upplýsingar um starf og áherslur grunnskólanna á Akureyri fyrir foreldra – á ensku og
pólsku:

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2018/06/About-schools_enska_Word_JB_2018.pdf

**Upplýsingar um stoðþjónustu grunnskólanna, starf námsráðgjafa, nemendaverndarráð
o.fl.** á ensku og pólsku:

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/10/stodtjonusta_enska_2017.pdf

Skólastjórnendur á Akureyri hafa auk þess brugðist mjög vel við óskum okkar um að
nemendur sem eru að koma nýir inn í grunnskólana, á frístundaraldri og án nokkurrar
íslenskukunnáttu fái **dvöl í frístund, tvisvar sinnum 1,5 tíma í viku, sem hluta af
móttökuferli**. Það er mjög mikilvægt fyrir erlenda nemendur að verja meiri tíma en sem
nemur formlegum skóladegi, í íslensku málumhverfi og þetta er góð leið til þess. Kærar
þakkir, stjórnendur og starfsfólk í frístund!

Í síðustu viku var kennurum í leik- og grunnskólum og starfsfólki fræðslusviðs boðið upp á
fræðslufund sem Guðbrandur Árni Ísberg hélt hér í fundarsal í Glerárgötu 26. Guðbrandur
var sérstaklega að ræða um nemendur sem hafa orðið fyrir áföllum af einhverju tagi og
hvaða leiðir kennarar geta farið til að bregðast við einkennum sem geta komið fram á ýmsan
hátt og jafnvel löngu eftir áfallið. Guðbrandur var sérstaklega að hugsa um börn sem eru í
hópi flóttamanna og hælisleitenda en mjög einfalt var að yfirfæra orð hans á alla þá
nemendur sem eru í umsjón okkar og hafa erfiða lífsreynslu að baki. Alls mættu um 60
manns og heyrðist mér að þessi fræðsla hafi verið vel þegin og gagnleg þeim sem sóttu.

Ég verð að viðurkenna að það kom aðeins við hjartað í mér að sjá skrif um það í Vikudegi að erlendir nemendur sem koma í grunnskólana á Akureyri fái enga aðstoð. Hér að framan hef ég aðeins tæpt örlítið á nokkrum atriðum sem eru aðgengileg öllum kennurum og stjórnendum í skólunum okkar til að taka sem best á móti og vinna með erlendum nemendum. Víst er það vinna en líka skemmtilegt, þakklátt og gefandi.

Allir skólar bæjarins fá sérstaka úthlutun vegna erlendra nemenda og skólaárið 2018-2019 er það tímafjöldi sem samsvarar tæplega þremur stöðugildum kennara, sem skiptist á milli skóla bæjarins, auk stöðugildis kennsluráðgjafa.

Stór hluti starfs míns felst í því að vinna með nemendum og kennurum skólanna og það starf byrjaði með móttökufundum með foreldrum í haust og síðan vinnu með kennurum og nemendum. Auk þess hef ég brýnt það fyrir kennurum að hafa samband við mig ef það er eitthvað sem þeir sakna sérstaklega; s.s. upplýsinga sem þarf að láta þýða, námsefnis eða annarar aðstoðar. Ég veit að fyrstu vikur erlendra nemenda eru erfiðar; fyrst og fremst þeim sjálfum en einnig kennurum og starfsfólki skólanna. Þess vegna hef ég reynt að létta undir með því að vera mikið á ferli í skólunum og taka að mér íslenskukennslu, til þess að nemendur geti sem fyrst orðið öryggir á nýjum stað og tjáð sig um óskir sínar og þarfir í skólunum.

Þegar ég, í morgun, leit fyrir dagbók síðustu viku, velti ég því fyrir mér hvort vinna kennsluráðgjafa skipti í rauninni engu máli fyrir skólasamfélagið okkar, hvort tímaúthlutun bæjarins skipti engu máli, hvort stuðningur frístundar skipti engu máli, né það efni sem við reynum að hafa opið á rafrænu formi, til að auðvelda kennurum vinnu sína?

Ég vona, þrátt fyrir allt, að við séum á réttri leið, þó svo að alltaf megi gera betur og auka við aðstoð. Um það erum við allveg sammála.

Ég vona að við getum sammælst um að gera okkar besta, vinna saman og styrkja hvert annað í skemmtilegum og krefjandi verkefnum.

Megi skólastarf vetrarins 2018-2019 verða öflugt og gott.

Bestu kveðjur,
Helga.

	MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR	L
	3	4	5	6	7	8
07						
08		Morgunfundir		Morgunfundir		
09	Með nem. 8.b. glerárskóli				handleiðsla GÁI.	
10	Með nem. 7.b. síðuskóli	Með nem. 8.b. Glerárskóli	Með nem. 8.b. Glerárskóli	Með nem. 8.b. Glerárskóli		
11			Með nem. 6.b. glerárskóli	Með nem. 6.b. glerárskóli		
12		með nem. 10.b. Lundarskóli	með nem. 10.b. Lundarskóli	með nem. 7.b. síðuskóli		
13	10.b.; Lundarskóli	heimsókn 2.b. Brekkuskóli		Heimsókn 1.b. Naustaskóli		
14	Dagur íslenskra Amtsbókasafnið Zane Brikovska	Með kennara, ungl. Brekkuskóli	Fundur m. kenn. 10.b. lundarskóli		Fræðsla: Glerárg. Anna N. Teymið	
15				Fræðsla fyrir starf Glerárgata 26 - 2. Anna Marit Nielsi	einka	
16						
17						

Gullkorn vikunnar:

Í upphafi skólaársins fór ég, ásamt túlki og erlendum mæðgum, að skoða sundlaugina í Glerárskóla en stúlkan á að sækja þangað sund úr öðrum skóla.

Eins og öllum erlendu fjölskyldunum, fannst þeim aðstaðan frábær – en mér fannst vænst um það sem túlkurinn sagði: „Ég held að það sé svo gott fyrir útlenda krakka að byrja í skóla á Akureyri, af því að það eru allir brosandi og tilbúnir til að hjálpa!“